

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur
fyrir árið 2002

Bókasafnsstjórn:

Harpa Guðmundsdóttir, formaður (S)
A. Ingibjörg Grétarsdóttir, varaformaður og ritari (D)
Vigdís Helgadóttir, meðstjórnandi (B)

Breytingar á starfsliði

Breytingar urðu á starfsliði safnsins síðast liðið sumar, þegar Sigrún G. Jónsdóttir hætti og Guðbjörg Ásgeirsdóttir tók við (40% staða bókavarðar).

Safnkostur

Bókakostur er rúmlega 13.400 bindi, var aukinn um tæp 700 eintök á árinu (bæði nýtt og í stað glataðs efnis (um 100 eintök afskrifuð)). Að auki eru fagblöð, tímarit, tölvudiskar, hljóðbækur, myndbönd og snældur. Rafræn gögn eru tæplega 300 eintök í allt. Tvær tölvur eru til almenningsnota, önnur með Internet-tengingu, hin ætluð til ritvinnslu. Nokkrum námskeiðum hefur verið bætt við tölvudiskaeign safnsins.

Þjónusta

Gerð var tilraun með breyttan afgreiðslutíma á föstudögum í júlí, þ.e. opnað var kl. 11:00-15:00 og haft opið í hádeginu. Að nokkru leyti hugsað fyrir þá sem fara út úr bænum um helgar. Ekki varð vart við ánægju né óánægju með þessa breytingu og ekki er gert ráð fyrir að reyna þetta aftur.

Boðið var upp á sérstaka safnkynningu fyrir háskólafólk, fjarnema, fjölbrautarskólanema og aðra, sem óskuðu eftir slíku, í lok ágúst og verður aftur næsta haust.

Sögustundir voru alla fimmtudagsmorgna fyrir 3-6 ára börn, yfir vetrartímamann. Voru þær vel nýttar bæði af leikskólum og 6 ára bekkjum grunnskólans, sem komu í heimsókn, auk barna sem komu í fylgd foreldra. Í lok október var slegið met í aðsókn en þá mættu 29 börn í sögustund.

Í byrjun desember var nýrri krakkavefsíðu hleypt af stökkunum. Fanney Pétursdóttir, en hún hefur umsjón með barnastarfinu, á heiðurinn af henni og sér um viðhald og uppfærslu hennar. Þar geta krakkarnir nú fundið margt skemmtilegt og gagnlegt.

Útlán og talning á komum

Útlán á árinu voru um 15.200 eintök og jukust því nokkuð frá síðasta ári, eða um tæplega 2.000 eintök, sem er mesta aukning milli ára frá 1999. Ef tölur eru bornar saman frá árinu 1999 (útlán samtals um 10.200) má sjá að útlán hafa aukist um samtals 5000 eintök á þessum árum.

Útlán safnkosts skiptist þannig: skáldsögur rúmlega 7300, barnabækur tæplega 2800, fræðslubækur, ævisögur og bækur um ýmis efni voru rúmlega 3800 og rúmlega 1300 samtals: tímarit, hljóðbækur, myndbönd og snældur.

Tekið var til í lánþegaskrá og eru skírteinishafar nú um 1300 á skrá, en þar af eru nokkuð margir óvirkir. Þegar notast er við þessar tölur sést að hver lánþegi hafi að jafnaði fengið 12 bækur eða annað efni á árinu.

Komur á bókasafnið voru taldar að jafnaði eina viku í hverjum mánuði og er líkt og undanfarin ár nokkur fjölgun í komum á safnið, þ.e. um 211 (miðað við 187 í fyrra) að meðaltali á viku yfir árið. Yfir vetrarmánuðina er meðaltalið hærra, eða um 235 manns á viku, en það er þó nokkur lægð yfir sumartímann eða um 175 heimsóknir á viku, (þá er styttri afgreiðslutími). Í desember komu 213 vikuna sem talið var, eða um 43 manns á dag, en vikuna sem talið var í byrjun árs – janúar 2002, komu 350 manns eða um 70 manns á dag þá viku, sem er óvenju margt og skýrist m.a af bekkjaheimsókn og að skólar voru nýbyrjaðir eftir jólafrí svo að nemendur voru að leita eftir efni.

Viðburðir á árinu

Bókavikan stóð yfir vikuna 22.-28. apríl. *Alþjóðlegur dagur bókarinnar* var á fæðingardegi Halldórs Laxness þann 23. apríl og þetta ár voru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Þema vikunnar var *Börn og bækur*. Bókasafnið bauð upp á dagskrá á *Degi bókarinnar*, þriðjudaginn 23., í sal bæjarstjórnar. Grunnskólanemendur og fleiri lásu úr verkum Halldórs Laxness og

nemendur Tónlistarskólans léku tónlist og stúlknakórinn söng. Trúbadorinn Hörður Torfason, kom og skemmti í boði Menningarnefndarinnar. Húsfyllir var og allir fengu hressingu. Alla vikuna fengu lánþegar sérstakt bókamerki, sem gert var af þessu tilefni.

Í **Viku símenntunar**, í byrjun september, var hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um námskeið og nám sem í boði var á svæðinu (Rvík, Hafnarfj. og Reykjanesbær) um veturinn. Lánþegar safnsins gátu kynnt sér hina ýmsu margmiðlunardiska sem bókasafnið á og prufað tungumálanámskeið og annað efni í tölvum safnsins.

Í september var haldin sýning á pennum úr pennasafni Þórdísar Ásmundsdóttir á Akri. Þórdís á nú um 3000 stykki, en aðeins lítill hluti þess komst fyrir í sýningarskáp safnsins svo að ef til vill verður framhalds-sýning síðar.

Þann 16. október s.l. varð Guðbergur Bergsson rithöfundur 70 ára. Af því tilefni var kynning á honum og verkum hans í rituðu máli og myndum á Bókasafninu og stóð hún út október.

Norræna Bókasafnsvikan stóð yfir dagana 4.- 9. nóv. Þá fengu allir lánþegar bókamerki, auk þess sem heitt var á könnunni. Norrænum bókmenntum var gert hátt undir höfði þessa daga. Í sögustund vikunnar var lesin norræn saga og börnin fengu svolítið hollt í kroppinn af þessu tilefni.

Grindavík, 22. janúar 2003,

Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður